

REGLUGERÐ

um þorsk- og ýsuveiðar með nót o. fl.

1. gr.

Gerð þorsk- og ýsunóta, sem notaðar eru til veiða innan endimarka landgrunns Íslands, skal vera þannig, að poki nótar, sem er 220 faðmar eða lengri, skal ekki vera lengri en 30 faðmar á teini. Poki styttri nóta skal vera minni hlutfallslega.

2. gr.

Möskvastærð þorsk- og ýsunóta skal minnst vera 110 mm, þegar möskvinn er mældur í votu neti, teygður horna á milli, eftir lengd netsins. Komist flöt mælistika, 110 mm breið og 2 mm þykk, auðveldlega í gegn, þegar netið er vott. Poki nótarinnar er ekki háður möskvastærðartakmörkuninni.

3. gr.

Ráðuneytið getur heimilað þeim aðilum, sem þegar eiga smáriðnari þorsk- og ýsunætur en í fyrirmælum þessum greinir, að nota þær nætur í næstu tvö ár eftir útgáfudag reglugerðar þessarar. Þó skal ávallt, er skipt er um nótabálk, setja bálk með 110 mm lágmarksstærð möskva í stað þess, er tekinn er í burtu.

Umsóknir um notkun þessara nóta skulu sendar ráðuneytinu innan eins mánaðar frá birtingu reglugerðar þessarar og skal umsókninni fylgja sönnun á, hvenær nótin var keypt og flutt til landsins.

4. gr.

Á vetrarvertið 1965 er óheimilt að kasta nót til veiða á þorski eða ýsu á tímabilinu frá því 1 klst. eftir sólarlag þar til 1 klst. fyrir sólarupprás.

5. gr.

Þorskanet skulu lögð í eina stefnu á sama veiðisvæði, eftir því sem við verður komið.

6. gr.

Þegar gert er að fiski um borð í veiðiskipi, sem stundar veiðar með nót eða þorskanetjum, er bannað að kasta slógi útbyrðis á veiðisvæðinu.

7. gr.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða sektum.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 1. gr. laga nr. 44 5. apríl 1948, um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins, til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi felld fyrirmæli um gerð þorsk- og ýsunóta frá 5. febrúar 1965.

Sjávarútvegsmálaráðuneytið, 27. marz 1965.

Emil Jónsson.

Gunnlaugur E. Briem.